

AUGLÝSING

47

14. apríl

um breytingu um stundarsakir á forsetaúrskurði frá 11. september 1953,
um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hafa handhafar valds forseta Íslands í dag fallizt á að gera þá breytingu um stundarsakir á forsetaúrskurði frá 11. september 1953, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., að í forföllum Eysteins Jónssonar, ráðherra, fer Skúli Guðmundsson, ráðherra, með þau mál, sem Eysteini Jónssyni voru falin í nefndum forsetaúrskurði.

Þetta birtist hér með þeim, er hlut eiga að máli.

Í forsætisráðuneytinu, 14. apríl 1954.

Ólafur Thors.

Birgir Thorlacius.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör.

48

20. apríl

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Aftan við 3. tölul. 4. gr. laganna komi svo hljóðandi málsliður: Ekki má leggja útsvar á skattfrjálsar sparifjárinnstæður aðila né vexti af þeim innstæðum (sbr. III. kafla laga um tekju- og eignarskatt).

2. gr.

Aftan við 21. gr. laganna komi ný málsg., svo hljóðandi:

Skýlt er niðurjöfnunarnefnd að leggja fram með útsvarsskrá skýrslu um þær reglur, sem hún hefur farið eftir við álagningu útsvaranna, svo sundurliðaða og skilmerkilega, að hver gjaldandi eigi að geta reiknað út útsvar sitt. Einnig er niðurjöfnunarnefnd skýlt að gefa sérstaklega hverjum gjaldanda, sem þess krefst, nákvæmar, sundurliðaðar upplýsingar um það, hvernig útsvar hans er á lagt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu útsvara 1954.

Gjört í Reykjavík, 20. apríl 1954.

Ólafur Thors.

Jörundur Brynjólfsson.

Árni Tryggvason.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.